

Opna Reykjavíkurmótið í keilu 2013

Einstaklingskeppni karla og kvenna m/forgjöf.

Skráning er hafin í Reykjavíkurmót einstaklinga með forgjöf.

Keppnin fer fram í Keiluhöllinni Egilshöll. Forgjöfin er 80% af 200. Leiknir verða 9 leikir í forkeppni og komast fjórir efstu (karlar og konur) áfram í úrslit. Úrslitin eru þannig að 1. og 4. sætið og 2. og 3. sætið úr forkeppninni leika saman. Sá/sú sem fyrr vinnur tvo leiki heldur áfram. Sigurvegararnir úr leikjunum leika svo innbyrðis og sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki hlýtur titilinn Reykjavíkurmeistari einstaklinga með forgjöf. Þeir sem tapa spila innbyrðis um þriðja sætið og sigrar sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki.

Forkeppnin hefst laugardaginn 14. september kl 9:00 þar sem spilaðir eru 6 leikir. Sunnudaginn 15. september kl 9:00 eru spilaðir 3 leikir í forkeppni og úrslitin strax á eftir.

Skráð verður í mótið á netfanginu hossi@sena.is og lýkur skráningu fimmtudaginn 12. september, kl. 21:00. Olíuburður verður [Kegel High Street 44 fet](#)

Verð er kr. 4.500.

Undirbúningsnefnd áskilur sér rétt til breytinga í forkeppninni.

Reykjavíkurfélögin.